Rýmingaráætlun Ölduselsskóla 2026-2027

Aðalbygging

Fyrstu viðbrögð þegar brunaboði fer af stað:

- **Umsjónarmaður og skólastjóri** stöðva viðvörunarbjöllu, lesa á brunaboða og kanna hvort um eld sé að ræða.
- **Bjalla heldur áfram eða byrjar aftur:** Skólinn er rýmdur.
- **Bjallan hættir innan 90 sekúndna:** Ritari tilkynnir um **GABB** í gegnum símakallkerfi og/eða tölvupóst.

Viðbrögð í kennslustofu

- Kennari þreifar á hurð við flóttaleið 1:
  - **Heit hurð:** Leita annarra leiða.
  - **Köld hurð:** Kanna hvort leiðin sé örugg.
- Nemendum er raðað í stafrófsröð og þeim afhentar skóhlífar, sem þurfa að vera á aðgengilegum stað.
- **Ef flóttaleiðir eru lokaðar:**
  - Hurðum og gluggum er haldið lokuðum til að hefta súrefni og hindra að eldur og reykur berist inn.
  - Staðið er við glugga til að vekja athygli.
- Kennari fer **síðastur út** og lokar hurðum.

Aðalbygging /Söfnunarsvæði og uppröðun nemenda

Bygging	**Árgangar**	**Söfnunarsvæði**	**Röðun**
Aðalbygging	5.–10. bekkur	Leiksvæði 3. og 4. bekkjar	10. bekkur næst skólanum, 5. bekkur næst sundlaug.
Aldan	1.–4. bekkur og heimilisfræði	Grassvæði ofan við fótboltavöll við Ölduna	1. bekkur næst fótboltavelli, heimilisfræði við hlið 4. bekkjar efst á grassvæðinu.

- Allir nemendur eiga að fara í **einfalda stafrófsröð**.
- Stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar standa **hægra megin** við röð síns árgangs.
- Annað starfsfólk og þeir sem ekki bera ábyrgð á nemendum raða sér í stafrófsröð **næst sundlaug**, við hlið 10. bekkjar.

- Gestir og kennaranemar fara aftast í röð næst sundlaug. Gestgjafar bera ábyrgð á að þeir komist út.

Litaspjaldakerfi

- **Rautt spjald** snýr að stjórnanda: Nemendur vantar.
- **Grænt spjald** snýr að stjórnanda: Allir eru nemendur eru komnir.
- Skólaliðar eða aðrir fyrir fram ákveðnir starfsmenn halda á númera- og litaspjöldum fyrir framan hverja röð.

Aldan

1.bekkur	Marlena
2.bekkur	Marlena
3.bekkur	Aneta
4.bekkur	Aneta
Heimilisfræði	Bergdís

Aðalbygging

Árgangur	**Starfsmaður**
5. bekkur	Jagoda
6. bekkur	Dragana
7. bekkur	Inna
8. bekkur	Helga Sigríður
9. bekkur	Casandra
10. bekkur	Sigrún Jónasar

Helstu hlutverk

- **Skólastjóri:** Les á brunaboða, tekur tímann, tekur gjallarhorn með sér út. ber ábyrgð á manntali í aðalbyggingu. Fær staðfestingu á að allir nemendur og allt starfsfólk séu komin út.
- **Aðstoðarskólastjóri:** Ber ábyrgð á rýmingu og manntali í Öldunni og tekur tímann. Á æfingum upplýsir hann forfallakennara, uppfærir áætlunina og sér um fræðslu.
- **Umsjónarmaður:**
    - Hringir í 112 og á samskipti við slökkvilið og Securitas.
    - Tryggir að rýmingaráætlun, gátlisti, kallkerfi og skóhlífar séu í öllum stofum.
    - Tryggir að rýmingaráætlun og viðbúnaðartaska sé til staðar í Öldunni. *Viðbúnaðartaska* inniheldur græn og rauð spjöld fyrir hvern árgang yngsta stigs og heimilisfræði, endurskinsvesti, gjallarhorn. bekkjarlista, stundatöflur, stofulista og skriffæri.
    - Leitar á tryggum svæðum í húsinu ásamt öryggistrúnaðarmönnum.
- **Ritari:** Ber ábyrgð á að allir nemendalistar fari út, afhendir bekkjar- og forfallalista og tilkynnir ef enginn eldur er.

- **Skrifstofustjóri:** Afhendir skólaliðum litaspjöld og sér um talningu starfsmanna, með aðstoð deildarstjóra stoðþjónustu.
- **Skólaliðar:** Fara beint út, sækja spjöld, taka á móti nemendum og aðstoða við uppröðun.
- **Deildarstjóri nemendamála:** Fylgir aðstoðarskólastjóra í Ölduna.
- **Verk-, list- og íþróttakennarar:** Fara út með nemendur í bekkjarröð og umsjónarkennarar taka við þeim. Heimilisfræðikennari/ar fara út með sína nemendur í röð ofan við röð 4. bekkjar á grassvæði við Ölduna.

Sérstök tilvik

- **Eldur í frímínútum:**
  - Nemendur og starfsfólk fara stystu leið út.
  - Umsjónarkennarar yngri stiga athuga fyrst með nemendur sem eru inni, til dæmis vegna beinbrota.
  - Komist kennari ekki að þeim láta þeir umsjónarmann strax vita.
- **Nemendur í sundi:**
  - Sundkennari ber ábyrgð á nemendum ef engin hætta er á ferðum.
  - Sundlaugar- eða baðvörður fer með nafnalista út í raðirnar.
  - Nemendur í klefa klæða sig og fara í röð.
- **Nemendur í matsal:**
  - Yngsta stig, 1.-4. bekkur fer í Ölduna og manntal er tekið í stofum.
  - 5.–10. bekkur fer út á leiksvæði 3.–4. bekkjar.
- **Bókasafn:** Kennarar yngsta stigs þurfa að vita fjölda og nöfn nemenda úr Öldunni sem eru þar.

Aldan: neyðarútgangar og viðbúnaðartaska


- Öll kennslusvæði Öldunnar hafa útgang beint út á skólalóð. Kennarar eiga að þekkja bestu flóttaleiðir frá öllum kennslusvæðum sínum.
- Þeir starfsmenn sem eru í millirýmum fara út um aðalinngang eða út frá kaffistofu. Þeir fara í röð við hlið nemenda í heimilisfræði á grassvæði ofan við fótboltavöllinn.

Viðbúnaðartaska inniheldur græn og rauð spjöld fyrir hvern árgang yngsta stigs og heimilisfræði, endurskinsvesti, gjallarhorn. bekkjarlista, stundatöflur, stofulista og skriffæri.

Mikilvægustu atriðin

1. **Allir fara út og allir aðstoða** við rýmingu.
2. **Ekki má nota lyftur** í eldsvoða.
3. **Börn undir 10 ára aldri eiga það til að fela sig** í bruna. Því þarf að gæta sérstaklega að yngstu nemendunum.
4. **Hækka þarf í kallkerfi símtækja** í öllum stofum.

5. **Staðfesta þarf fjarvistir:** Ef nemandi er ekki skráður í leyfi eða veikindi en hefur fengið fjarvist þarf að hringja í foreldra.
6. **Láta skrifstofustjóra vita** ef farið er úr húsi á miðjum degi, svo manntal verði rétt.
7. Eftir talningu má leita skjóls í **Seljakirkju** eða **íþróttahúsi Seljaskóla**.



Öryggisnefnd Ölduselsskóla

Öryggisnefnd Ölduselsskóla skipa aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður fasteigna og fulltrúi starfsmanna.

Kosið er í öryggisnefnd á starfsmannafundi í upphafi hvers skólaárs.

Öryggisnefnd kannar að allur aðbúnaður og öryggi bæði nemenda og starfsmanna sé í lag og notar til þess leiðbeinandi bækling frá Vinnueftirlitinu (skólar, vinnuumhverfisvísir).

Öryggisnefnd sér til þess að allar upplýsingar, er varða öryggi nemenda og starfsfólks séu aðgengilegar á heimasíðu skólans. Stuðst er við Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum. frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti, uppfærð 2021.

Öryggistrúnaðarmenn og öryggisverðir

Linda Rós Guðmundsd.	1605653739	Linda.Ros.Gudmundsdottir@reykjavik.is	Öryggisvörður
Eygló Guðmundsdóttir	1902733859	Eyglo.Gudmundsdottir@reykjavik.is	Öryggisvörður
Eyjólfur Kolbeins	1711832789	Bryngeir.Valdimarsson@reykjavik.is	Öryggistrúnaðarm.
Kristjana Vilhelmsdóttir	2301685719	Kristjana.Vilhelmsdottir@reykjavik.is	Öryggistrúnaðarm.